

# Áfallaáætlun

Í skólum, sem öðrum stofnunum, verður vart hjá því komist að starfsfólk og nemendur verði fyrir erfiðri lífsreynslu eða þeir atburðir verði að einstaklingur eða hópur fái áfall. Slíkum atburðum þarf að bregðast við með markvissum hætti og koma, eftir því sem tók eru á, í veg fyrir varanleg eftirköst og skaða. Skólar þurfa að vera við því búnir að taka fyrirvaralaust á erfiðum málum og til þess að svo geti orðið þarf að liggja fyrir hverjir eiga að bregðast við óvæntum áföllum og hvernig að því er staðið. Þess vegna hefur Foldaskóli sett fram eftirfarandi *áfallaáætlun*.

## Skilgreining á áföllum í skóla

Nemendur, starfsmenn, forráðamenn og systkini nemenda geta orðið fyrir alvarlegu áfalli og sorg sem getur verið af ýmsum toga. Hvort sem okkur finnast áföllin stór eða smá er nauðsynlegt að veita stuðning. Dæmi um atburði sem geta valdið verulegu áfalli eru:

- dauðsfall
- náttúruhamfarir
- langvarandi sjúkdómar
- ofbeldi
- slys sem valda líkamstjóni

## Áfallaráð skólans

Í Foldaskóla starfar *áfallaráð* sem skipað er *skólastjóra, aðstoðarskólastjóra, ritara, einum kennara eða öðrum starfsmanni skólans, hjúkrunarfræðingi og námsráðgjafa*. Með ráðinu starfa viðkomandi umsjónarkennari og deildarstjóri.

Áfallaráðið getur leitað aðstoðar, t.d. hjá Miðgarði (þjónustumiðstöð), heilsugæslu og Viðbragðaráði Grafarvogs (lögregla, Grafarvogskirkja, Fjölnir o. fl.).

Öllum sem fá upplýsingar um áfall sem tengist skólanum á einhvern hátt skal bent á að hafa samband við áfallaráð.

### Hlutverk

Áfallaráðið þarf ávallt að vera í viðbragðsstöðu. Ef áfall verður í Foldaskóla skal ráðið koma saman eins fljótt og auðið er og ákveða viðbrögð og aðgerðir næstu klukkustunda og næstu daga. Ef um nemandu er að ræða skal umsjónarkennari látinn vita strax um atburðinn.

### **Helstu hlutverk ráðsins eru:**

- Að sjá um að nemendur skólans fái viðeigandi aðstoð ef þeir verða fyrir áfalli.
- Að vera reiðubúið að veita hjálp þegar einhver af kennurum eða öðru starfsfólki verður fyrir áfalli.
- Að hafa viðk. foreldra/starfsmann með í ráðum frá upphafi eins og tók eru á.
- Að hlúa að nemendum og starfsfólki skólans, m.a. með því að gefa gaum að áfallastreitu og finna viðeigandi úrræði.
- Að sjá til þess að starfsfólk skólans fái nauðsynlega fræðslu í undirstöðuatriðum andlegrar skyndihjálpar.
- Að safna og varðveita lesefni og annað sem að gagni gæti komið þegar áföll verða. Þessi gögn skulu vera á einum stað, öllum kunnug og aðgengileg.
- Á u.þ.b. tveggja ára fresti skal yfirfara með starfsfólki skólans grunnatriði í áfallahjálp og gera grein fyrir stefnu skólans sem hér er birt.
- Gögn og upplýsingar um sorg og áföll skulu vera á skólasafni og vera öllum aðgengileg.
- Í þessari handbók skal m.a. vera uppkast að bréfi til að senda heim með nemendum ef andlát bekkjarfélaga, starfsmanns skólans eða aðrir slíkir sorgaratburðir hafa átt sér stað.
- Í þessari handbók skal vera listi yfir bækur sem börn geta lesið eða gott er að lesa fyrir börn í sorg svo og bækur og önnur gögn ætluð starfsfólki.

### **Starfshættir áfallaráðs**

Áfallaráð er ávallt til staðar og reiðubúið að veita hjálp þegar válegir atburðir snerta einhvern eða einhverja innan veggja skólans.

Áfallaráð starfar í algjörum trúnaði við skjólstæðinga sína og lætur ekki neinar upplýsingar frá sér nema í fullu samráði við viðkomandi aðila.

### **Fyrstu viðbrögð vegna áfalls**

Upplýsingar um áföll skulu berast til skólastjóra eða staðgengils hans. Skólastjóri leiti staðfestingar hjá viðkomandi eða aðstandendum og jafnframt heimildar til þess að fjallað verði um málið í skólanum.

Skólastjóri kallar áfallaráð saman, hugsanlega í samráði við aðstoðarfólk/ráðgjafa, ákveður fyrstu aðgerðir skólans og heldur fundi á næstu dögum svo oft sem þurfa þykir.

### **Áfallaráð þarf að taka afstöðu til eftirfarandi atriða:**

- Ráðið tekur ákvörðun um hver gefur upplýsingar til fjölmiðla og aðila utan skóla ef það á við.
- Hverjum viðkomandi tengist, t.d. systkinum, vinum, vinahópum, félögum o.fl.
- Hvernig er best að svara spurningum frá nemendum og foreldrum varðandi t.d. slys, sjálfsvíg, alvarleg veikindi eða annað.
- Hvernig er best að haga skólastarfinu það sem eftir er skóladags og næstu daga, t.d. að bjóða upp á umræður og gefa fólki kost á að tjá sig.

### **Aðgerðir áfallaráðs**

- Áfallaráð kemur saman og greint er frá því sem gerst hefur.
- Rætt um hugsanleg áhrif á nemendur og starfsfólk.
- Ráðið getur leitað aðstoðar *Viðbragðateymis Miðgarðs* og *Viðbragðateymis Grafarvogs* en þar hefur skólinn aðgang að fagfólki á ýmsum sviðum.
- Sett upp aðgerðaáætlun og verkaskipting ákveðin.
- Sjá skal um að almenn tilkynning berist til nemenda, starfsfólks og foreldra þegar það á við og farið yfir það hvernig skólinn hyggst taka á málum.
- Ef aðstæður leyfa kemur til greina að boða til starfsmannafundar í lok skóladags þar sem könnuð er líðan starfsfólks og e.t.v. rætt um börn sem eru sérstaklega viðkvæm gagnvart því sem gerst hefur og um aðgerðir skólans næstu daga.
- Flaggar í hálfu stöng ef við á.
- Athuga hvort málið snertir nemendur í fleiri en einum bekk eða skólum.
- Ákveða hver sinnir eftirfylgni.
- Undirbúa endurkomu nemanda í skólann eftir missi eða áfall.
- Hlúa að nemendum og gefa þeim kost á að vinna með tilfinningar sínar í leik og starfi eins lengi og þurfa þykir.
- Bjóða upp á einstaklingsviðtöl, t.d. við námsráðgjafa, skólasálfræðing o. fl. fagaðila.
- Gæta þess að álagið verði ekki of mikið á starfsfólk skólans.

### **Bókalisti**

Höfundur	Titill	Raðtákn
Rock, Lois	Að kveðja í síðasta sinn	155-957 Roc
Guðrún Alda Harðardóttir	Það má ekki vera satt	Guð Það
Sigurður Pálsson	Börn og sorg	155-937 Sig

Guðrún Eggertsdóttir	Sjálfsvíg, hvað svo?: Sálgæsla eftir sjálfsvíg	362.28 Guð
Markham, Ursula	Sorgarviðbrögð: svör við spurningum þínum, vina og vandamanna	155.937 Mar
Bragi Skúlason	Sorg barna	155.937 Bra
Yeagley, Larry	Tekist á við sorg	155.937 Yea
Karl Sigurbjörnsson	Hvað tekur við þegar ég dey?: spurningar um kristna trú, dauðann og eilífa lífið.	236 Kar
Bragi Skúlason	Von: bók um viðbrögð við missi	155.937 Bra
Guðbj. Guðmund. skráði	Ástvinamissir: níu Íslendingar segja frá upplifun vegna ástvinamissis	306.88 Guð
Alex, Marlee	Afi og ég tölum saman um dauðann	306.88 Ale
Guðrún Alda Harðardóttir	Þegar pabbi dó: raunsæ saga um dauðann og lífið, séð frá sjónarhóli sex ára drengs	Guð Þeg